

Schauble sendir Grikkjum aðvörun

Eftir Styrmi Gunnarsson

Wolfgang Schauble, fjármálaráðherra Þýskalands, áminnti Grikki í fyrradag, mánudag, um að þeir yrðu að standa við gerða samninga við lánardrottna sína á alþjóða vettvangi um aðhald, hverjir svo sem komi að stjórn Grikklands í kjölfar þingkosninga síðari hluta janúarmánaðar.

Schauble segir að aðhaldsstefnan sé byrjuð að skila árangri og enginn annar kostur sé til staðar.

Schauble sagði efnislega: Við munum halda áfram að styðja við bakið á Grikkjum en velji þeir aðra leið verður erfitt að halda því áfram.

Frá þessu segir euobserver.